

Mat ríkislögreglustjóra á skipulagðri glæpastarfsemi og hættu á hryðjuverkum

Opinber útgáfa

Febrúar 2009

Inngangur:

Eitt af hlutverkum greiningardeildar ríkislögreglustjóra, sem tók til starfa 1. janúar 2007, er að vinna stefnumiðaða greiningu (e. „strategic analysis“) varðandi skipulagða glæpastarfsemi og ógn af hryðjuverkum til lengri tíma. Greiningardeild er og falið að vinna áhættumat á viðtækum grunni, sem taki mið af stöðu mála hérlendis og erlendis og segja til um líklega framtíðarþróun þeirra.

Greiningardeild hefur lokið við gerð ítarlegrar skýrslu samkvæmt þessari forskrift fyrir árið 2009. Skýrslan er trúnaðarmál en hér fer á eftir stytta og opinber útgáfa hennar. Árið 2008 var gerð skýrsla sama efnis og hluti hennar kynntur opinberlega.

Tilgangurinn með gerð matsins er að upplýsa stjórnvöld og almenning um stöðu mála. Lögregla mun hér eftir sem hingað til leggja ríka áherslu á að tryggja sem best öryggi borgaranna og vinna gegn starfsemi af þeim toga sem lýst er í skýrslunni.

Aðferðafræði:

Við gerð þessa mats er einkum stuðst við upplýsingar sem greiningardeild hefur aflað og upplýsingar úr gagnabönkum lögreglu. Spurningalisti var sendur öllum lögreglulíðum í landinu sem brugðust vel og hratt við og miðluðu mjög gagnlegum upplýsingum til greiningardeildar. Upplýsingar frá erlendum samstarfsaðilum greiningardeildar komu einnig að góðum notum. Sú samvinna sem deildin á við erlenda aðila verður sífellt mikilvægari.

Við vinnslu skýrslunnar er einkum stuðst við skilgreiningar og aðferðafræði sem Evrópulögreglan, Europol, hefur þróað.

Helstu niðurstöður:

Hrun fjármálakerfisins haustið 2008 er tímamótaviðburður í sögu íslensku þjóðarinnar. Hruninu fylgja mestu efnahagsörðugleikar sem Íslendingar hafa glímt við á síðari tímum. Erfitt efnahagsástand og mikið atvinnuleysi mun á næstu árum setja mark sitt á þá skipulögðu glæpastarfsemi sem haldið er uppi á Íslandi. Umskiptum þessum fylgir að margir nýir möguleikar munu skapast fyrir afbrotamenn.

1. Fíkniefni og fjárfestingar:

Ein af afleiðingum hruns fjármálakerfisins og þeirrar efnahagskreppu sem skollin er á verður sú að hagnaði af fíkniefnaviðskiptum verður í auknum mæli varið til fjárfestinga hérlendis. Á meðan gjaldeyrishöft eru í gildi og gengi íslensku krónunnar óhagstætt verður bæði erfitt og lítt ábatasamt að flytja hagnað af fíkniefnasölu úr landi.

Um leið liggur fyrir að verð á fasteignum, fyrirtækjum og lausamunum ýmsum hefur fallið og á eftir að falla enn frekar, gangi spár eftir. Slíkar fjárfestingar, einkum fyrirtækjakaup, skapa margvísleg tækifæri til að fela ólögmeta starfsemi t.a.m. innflutning fíkniefna og peningaþvætti á bakvið löglegan rekstur.

Greiningardeild telur ástæðu til að vara sérstaklega við hættu á að fíkniefnahagnaði verði ráðstafað á þennan veg. Deildin býr yfir upplýsingum um að þessi þróun sé þegar hafin.

Slík ráðstöfun fíkniefnahagnaðar kann ekki síður að eiga við um erlenda glæpahópa sem hér starfa og flutt geta inn fíkniefni án þess að þurfa að greiða fyrir þau í erlendum gjaldeyrir.

Erlendir aðilar, sem ekki eru virkir á vettvangi skipulagðrar glæpastarfsemi á Íslandi, kunna og að horfa til þessa möguleika auk þess sem vænlegir fjárfestingakostir hér kunna að freista þeirra og veita færi á peningaþvætti.

2. Innflutningur og dreifing fíkniefna:

Hópar íslenskra ríkisborgara og hópar sem eiga upptök sín utan Íslands standa fyrir skipulögðum innflutningi á fíkniefnum til Íslands. Greiningardeild telur að enn séu innlendir glæpamenn og hópar þeim tengdir stórtækastir hér á landi á sviði innflutnings og sölu fíkniefna.

Öflugustu aðilar á sviði innflutnings fíkniefna og dreifingar munu halda starfsemi sinni áfram þrátt fyrir hrun fjármálakerfisins og líklegt er að einhverjir þeirra styrkist. Þetta á ekki síst við um íslenska innflytjendur fíkniefna sem starfa erlendis og þá sem hafa góð tengsl við erlenda glæpahópa. Slíkir hópar skapa vaxandi vanda fyrir lögregluna og kalla á aukið samstarf við yfirvöld í viðkomandi ríkjum.

Greiningardeild telur því ríkjandi ástand fallið til að styrkja umsvifameiri aðila á þessu sviði enn frekar í sessi. Mikilvægi alþjóðlegrar samvinnu í baráttunni gegn fíkniefnaógninni fer enn vaxandi.

Líklegt er að neyslumynstur breytist nokkuð og að hlutur dýrari fíkniefna á borð við kokaín á markaði héraðs fari minnkandi. Gera má ráð fyrir því að aukin áhersla verði lögð á framleiðslu örvandi efna á Íslandi. Þá upplýsti lögreglan í janúarmánuði að skipulagður stuldur á ræktunarlömpum væri til marks um stóraukna kannabisframleiðslu hér á landi.

3. Smygl og heimabrudd:

Mikil hækkun á verði áfengis og rýrnun kaupmáttar mun leiða til aukins smygls og sölu á heimabrudduðum vínanda.

4. Ofbeldi gagnvart lögreglu:

Á árinu 2008 varð ljóst að lögreglan í landinu stendur frammi fyrir nýrri ógn þar sem ítrekað kom til þess að hópar erlendra afbrotamanna beittu lögreglumenn ofbeldi er höfð voru afskipti af þeim. Íslenskir ríkisborgarar gerast einnig sekir um hótanir og ofbeldi í garð laganna varða en um hina erlendu gildir að mun meiri harka einkennir mótþróa þeirra og andúð í garð lögreglu. Upplýsingar liggja fyrir þess efnis að erlendir glæpamenn sem komið hafa við sögu í afbrotum hér á landi hafi hlotið þjálfun í hermennsku.

5. Innheimta skulda – ofbeldi og „handrukkanir“:

Í því erfiða efnahagsástandi sem nú ríkir er sú hættu fyrir hendi að svokölluðum „handrukkanum“, þ.e. innheimtu skulda með hótun um eða beitingu ofbeldis, muni fjölga. Fram til þessa hefur þess háttar „innheimtustarfsemi“ aðallega tengst fíkniefnaskuldum en nú eru vísbendingar um að slíkum aðferðum sé einnig beitt við innheimtu annarra og hefðbundnari skulda þegar viðtekin úrræði hafa ekki skilað árangri.

Jafnframt er varað við því að tilfellum ógnana og fjárkúgunar muni fjölga. Hið sama á við um ofbeldisbrot í auðgunarskyni.

Í vöxt mun færast að hópar ofbeldismanna bjóði fram „verndarþjónustu“ gagnvart fyrirtækjum og einstaklingum sem er í raun ein birtingarmynda fjárkúgunar.

Varað er við aukinni hættu á spennu í samskiptum skipulagðra glæpahópa vegna þeirrar gjörbreyttu stöðu sem skapast hefur, einkum á höfuðborgarsvæðinu, í kjölfar hruns íslenska fjármálakerfsins. Aukinni samkeppni við þrengi aðstæður en áður fylgir hættu á átökum.

6. Skipulögð innbrot og þjófnaðir:

Fyrir liggur að innlendir og erlendir hópar stunda skipulögð innbrot og þjófnaði hér á landi. Greiningardeild telur að slík starfsemi verði áfram áberandi og viðbrögð við henni ofarlega á verkefnalista lögreglu. Vitað er að erlendir afbrotamenn koma gagngert til Íslands í þeim tilgangi að skipuleggja og fremja þjófnaði. Þá eru fyrir hendi vísbendingar um að þessir aðilar kúgi fé út úr samlöndum sínum.

Markaður fyrir stolnar vörur mun stækka í kjölfar efnahagshrunsins.

7. Fjársvik og peningaþvætti:

Hruni fjármálakerfisins og miklum efnahagsvanda fylgir sú hættu að peningaþvætti færist í vöxt hér á landi. Áður hefur verið nefnt að gjaldeyrishöft og erfið staða íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum hafi í för með sér að hagnaði af sölu fíkniefna verði í auknum mæli varið til fjárfestinga hér á landi. Slíkar fjárfestingar færa glæpahópum tækifæri til að hylja starfsemi sína og auka umsvif.

Jafnframt liggur fyrir að staða á fasteignamarkaði er afar erfið. Verð á húsnæði hefur lækkað hratt og frekari lækkun er spáð. Hið sama mun gerast hvað varðar verðmæti fyrirtækja. Fyrirséð er að fólk muni leita leiða til að losa sig undan íþyngjandi skuldum t.a.m. vegna flutninga af landi brott og reynast tilbúið til að láta eigur sínar af hendi fyrir lítið fé. Fjársterkir aðilar verða þar með í stöðu til að færa sér ástandið í nyt og komast yfir eignir sem fullyrða má að hækka muni í verði þegar efnahagskreppunni linnir. Þetta ástand skapar færi á ábatasömu peningaþvætti.

Þetta á einnig við um erlenda aðila sem kunna að sjá tækifæri til að ávaxta illa fengið fé með fasteignakaupum og öðrum fjárfestingum á Íslandi. Líklegt er að slíkir aðilar nýti sér milligöngumenn hér á landi við fjárfestingar.

Þótt fjármálakerfið hafi hrunið haustið 2008 ber að vara við þeirri ályktun að þar með heyri hættu á misnotkun þess sögunni til. Greiningardeild ríkislögreglustjóra telur ríkjandi ástand um margt hagstætt stórtækum aðilum á vettvangi peningaþvættis.

8. Vélhjólageri:

Íslenski vélhjólaklúbburinn Fafner MC-Iceland (Fáfner) hefur hlotið viðurkenningu sem „stuðningsklúbbur“ Hells Angels hér á landi. Þar með hefur hópur manna á Íslandi stofnað til formlegra tengsla við alþjóðleg glæpasamtök. Fyrir liggur að félagar í Fafner MC-Iceland stefna að fullri aðild að Hells Angels-samtökunum

Alls staðar þar sem Hells Angels hafa náð að skjóta rótum hefur aukin skipulögð glæpastarfsemi fylgt í kjölfarið. Spenna ríkir í heimi skipulagðra glæpahópa vélhjólamanna á Norðurlöndum. Nýir hópar láta nú til sín taka og er þar oft um að ræða svonefnda „stuðningsklúbba“ við þekkt glæpasamtök á borð við Hells Angels. Jafnframt skipta vélhjólageri á Norðurlöndum um bandamenn auk þess sem hin rótgrónari reyna nú ákaft að styrkja stöðu sína og afla nýrra meðlima. Í Danmörku hafa félagar í Hells Angels mjög látið til sín taka í átökum sem þar hafa blossað upp og tengd eru skipulagðri glæpastarfsemi innflytjendagengja og vélhjólamanna.

Ríkislögreglustjórar Norðurlandanna mótuðu þá skýru stefnu fyrir allnokkrum árum að berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi mótorhjólageringja. Embætti ríkislögreglustjóra á Norðurlöndum vinna í sameiningu að þessu markmiði sem mörgum öðrum.

9. Væandi mansal og smygl á fólki:

Skipulegri vændisstarfsemi er haldið uppi hér á landi. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu upplýsir að hingað til lands komi vændiskonur erlendis frá. Mikinn hluta tekna sinna senda stúlkur þessar úr landi. Starfsemi þessi tengist oft fíkniefnaheiminum.

Efnahagsörðugleikum og vaxandi atvinnuleysi fylgir sú hættu að slík starfsemi eflist hér á landi.

Mansal eða verslun með fólk er þekkt fyrirbæri um allan heim og er talin vera sú glæpastarfsemi sem er í hvað örustum vexti nú um stundir. Grunur um mansal á Íslandi hefur löngum verið tengdur nektardansstöðum og væandi. Ísland virðist einkum vera gegnumstreymisland hvað varðar smygl á fólki.

10. Barnaklám:

Á sviði barnakláms er internetið sjálft vettvangur glæpastarfseminnar þar sem greiður aðgangur er að efninu. Framleiðsla og dreifing barnakláms á Íslandi er ekki mjög skipulögð né viðamikil.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu mun á árinu 2009 taka í notkun nýjan, íslenskan hugbúnað sem þróaður hefur verið til að auðvelda mönnum að bera kennsl á barnaklám og annað ólögmaett efni í tölvum. Ísland verður þar með fyrsta ríkið í heiminum til að nýta þennan búnað í baráttunni gegn barnaklámi.

Búnaðurinn er gerir einnig kleift að rannsaka uppruna og dreifingu barnakláms.

Barátta gegn barnaklámi er eitt skýrasta dæmi þess hverju alþjóðlegt samstarf löggæslustofnana getur fengið áorkað. Sú barátta nýtur mikils stuðnings á Íslandi.

11. Kynþáttafordómar og hatursáróður:

Stóraukin eftirspurn eftir erlendu vinnuafla á Íslandi hin síðari ár heyrir nú sögunni til.

Í upphafi árs 2009 liggur fyrir að fjöldi erlendra ríkisborgara sem búið hefur og starfað hér á landi hyggur á heimferð eða hefur þegar snúið aftur. Þar veldur mestu erfitt efnahagsástand í kjölfar þess að fjármálakerfið hrundi. Erlendum ríkisborgurum með fasta búsetu hér á landi mun fyrirsjáanlega fækka á næstu misserum.

Miklu atvinnuleysi mun fylgja stóraukið álag á félags- og velferðarkerfið á Íslandi. Sú hætta er fyrir hendi að þörf erlendra ríkisborgara fyrir slíka aðstoð verði í einhverjum tilvikum nýtt til að ýta undir andúð í garð útlendinga. Greiningardeild telur ástæðu til að vara við því að boðberar kynþáttahyggju og andúðar í garð útlendinga kunni að láta til sín taka er efnahagsvandinn eykst og atvinnuleysi vex.

Tilkoma erlendra glæpahópa á Íslandi hefur margvísleg áhrif í för með sér. Þau má greina á mörgum grunnsviðum samfélagsins; hinu félagslega, efnahagslega og jafnvel hinu pólitíska. Þessari þróun fylgir m.a. sú hætta að aukinnar andúðar gæti í garð útlendinga almennt og Austur-Evrópubúa sérstaklega. Slíku fylgir augljóslega aukin félagsleg spennan og hætta á að umburðarlyndi fari minnkandi í samfélaginu.

Þessi þróun kann einnig að geta af sér öfgahópa, sem ala á andúð og jafnvel hatri í garð útlendinga.

12. Hætta á hryðjuverkum:

Aukin alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi og greiðari för fólks milli landa hefur í för með sér aukna hættu á að hérlendis verði framin hryðjuverk eða fram fari undirbúningur hryðjuverkaárása í öðrum löndum. Ísland og íslenskir hagsmunir gætu orðið fyrir alvarlegum skaða ef hérlendis færi fram undirbúningur að hryðjuverki í öðru landi eða rekja mætti árásir til þess að íslensk stjórnvöld hefðu ekki sinnt alþjóðlegum skuldbindingum um aðgerðir gegn hryðjuverkastarfsemi.

Sú skylda hvílir á Íslendingum líkt og öðrum þátttakendum í alþjóðasamfélaginu að taka fullan þátt í þeirri baráttu sem fram fer gegn hryðjuverkaógninni. Í því efni ber að hafa í huga að sá greinarmunur sem löngum hefur verið gerður á „alþjóðlegri” hryðjuverkastarfsemi og staðbundinni hryðjuverkastarfsemi eða „hryðjuverkastarfsemi í heimalandi” (e. „domestic terrorism”) fær ekki staðist sem áður.

Hryðjuverkastarfsemi í heimalandi (e. „domestic terrorism”) þar sem bæði mannaflí, fjármunir og takmark eru bundin við eitt tiltekið ríki er á undanhaldi.

Hættan á aðgerðum hryðjuverkamanna gegn ákveðnum skotmörkum eða viðburðum á Íslandi hefur verið metin sem frekar lítil í gegnum tíðina. Mat þetta hefur byggst á því að ekki eru fyrirbyggjandi ákveðnar upplýsingar af neinu tagi um að verið sé að skipuleggja eða undirbúa hryðjuverkaaðgerðir gegn skotmörkum eða viðburðum hérlendis.

Ógnarmat byggir á fyrirbyggjandi áhættumati vegna ógnar, sem talin er vera vegna hættu af mannavöldum og er til samræmis við stigskiptingu vástiga, sem segja fyrir um umfang viðbúnaðar lögreglu. Stigin er fjögur:

Hættustig telst lágt: Ekki eru fyrirbyggjandi sérstakar upplýsingar um hættu á hryðjuverkum né almennt talin sérstök ástæða til að auka viðbúnað lögreglu.

Hættustig er í meðallagi: Almennt er talið að ekki sé hægt að útiloka hættu á hryðjuverkum vegna ástands innanlands eða í heimsálum.

Hættustig er hátt: Talið er að hætta á hryðjuverkum geti verið fyrir hendi í ljósi ástands innanlands eða í heimsálum.

Hættustig er hæst: Upplýsingar eru fyrirbyggjandi um að hryðjuverk sé í undirbúningi eða talin er mikil hættu á því.

Niðurstaða ógnarmats er að hættustigið hér á landi í byrjun febrúar 2009 er metið lágt. Mat þetta byggist á því að ekki eru fyrirbyggjandi ákveðnar upplýsingar af neinu tagi um að verið sé að skipuleggja eða undirbúa hryðjuverkaaðgerðir gegn skotmörkum eða viðburðum héraðs.

Við hættumat vegna hugsanlegra aðgerða hryðjuverkamanna á Íslandi ber að taka fram að lögreglan býr ekki yfir forvirkum rannsóknarheimildum innan þessa málaflokks og má því ekki safna upplýsingum um einstaklinga eða lögaðila liggi ekki fyrir rökstuddur grunur um tiltekið afbrot. Möguleikar lögreglunnar á Íslandi til þess að fyrirbyggja hryðjuverk eru því ekki þeir sömu og á hinum Norðurlöndunum. Þessu fylgir einnig að lögreglan héraðs hefur mun takmarkaðri upplýsingar um mögulega ógn eða hættulega einstaklinga, sem kunna að fremja hryðjuverk eða tengjast þess háttar starfsemi.